



Borgarráð

Reykjavík, 23. febrúar 2026

MSS26010078

Umsögn mannréttindaráðs um skýrslu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík 1974-1979

Umsögn mannréttindaráðs um skýrslu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík 1974-1979 er lögð fram til kynningar í borgarráði.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Umsögn mannréttindaráðs um skýrslu vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík 1974-1979 frá 11. febrúar 2026



Reykjavík



Reykjavík, 11. febrúar 2026

MSS26010078

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

**Umsögn mannréttindaráðs um skýrslu um starfsemi vöggustofu
Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík 1974 -1979.**

Mannréttindaráð þakkar nefnd um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974 til 1979, fyrir ítarlega unna skýrslu um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Í skýrslunni kemur fram að ekki var hugað að því að mæta þörfum barna, þá sérstaklega barna með fötlun, eldri barna sem voru vistuð á vöggustofunni og þeirra barna sem komu úr erfiðum aðstæðum. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur beðist opinberlega afsökunar á þeirri meðferð barnanna sem lýst var í skýrslunni og hefur samþykkt að veita þeim sem dvöldu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979, ókeypis geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð, í samræmi við tillögur nefndarinnar. Mikilvægt er að þetta verði lágþröskuldapjónusta og aðgengileg fyrir þau sem málið varðar.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að opinbert eftirlit með meðferð barna á stofnuninni hafi verið afar takmarkað og ekki í samræmi við lög. Þá sem nú, er mikilvægt og og ástæða til að ítreka það sérstaklega, að opinberir aðilar verða að tryggja að eftirlitskerfi með vistun og umönnun barna sé til staðar og þau kerfi virki sem skyldi.

Mannréttindaráð tekur einnig heilshugar undir áskorun nefndarinnar til dómsmálaráðuneytisins um að ljúka við gerð frumvarps um sanngirnisbætur sem allra fyrst.



Reykjavík